



Lögreglustjórinn á Vesturlandi

Alþingi,
101 Reykjavík.

Borgarnesi, 11. nóvember 2021.

Efni: Alþingiskosningar 25. september 2021.

Með tölvupósti, sem móttekinn var 9. nóvember síðastliðinn, fór Alþingi fram á viðbótarupplýsingar, ef til væru, um mannaferðir í og úr talningarsal yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis í Hótel Borgarnesi frá kl. 11:59:52 og til kl. 13:15 sunnudaginn 26. september 2021. Erindi Alþingis var þannig:

Undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa hefur haft til athugunar skýrslu um skoðun myndskeiða úr öryggismyndavélum frá Hótel Borgarnesi, er fylgdi bréfi embættisins 15. október sl. Samkvæmt skýrslunni nær hún til kl. 11:59:52 þegar X kemur „inn í sal um eldhúshurð...“ Undirbúningsnefndin hefur farið þess á leit að skrifstofa Alþingis kanni hvort lögreglustjórinn á Vesturlandi hafi upplýsingar úr öryggismyndavélum um mannaferðir á umræddu svæði frá framangreindum tíma og til kl. 13:15 sama dag.

Til skýringar skal tekið fram að í fylgiskjölum með bréfi lögreglustjóra til Alþingis 15. október sl. var skýrsla um skoðun myndskeiða og þar voru tilgreindar upplýsingar um mannaferðir í og úr talningarsal frá kl. 06:45:50 til kl. 11:59:22 sunnudaginn 26. september 2021.

Farið hefur verið yfir upptökur úr öryggismyndavélum í vörslum lögreglu til þess að svara fyrirspurn Alþingis. Hjálögð er skýrsla, dagsett í dag, um skoðun myndskeiða úr öryggismyndavélum frá kl. 11:59:37 til kl. 13:15:21 sunnudaginn 26. september 2021, en þá lýkur síðasta myndskeiði sem lögregla hefur í vörslum sínum. Skýrslan er merkt sem trúnaðarmál og persónugreinanleg atriði hafa verið hulin. Óskað er eftir að með þetta skjal verði farið skv. 1. ml. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 55/1991.

Virðingarfyllt,

Gunnar Örn Jónsson,
lögreglustjóri á Vesturlandi.



Hjálágt:

Skýrsla, dagsett 11. nóvember 2021, um skoðun myndskeiða úr eftirlitsmyndavélum, 4 bls., trúnaðarmál, persónugreinanleg atriði hafa verið hulin.